

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársskýrsla
2010



Ársskýrsla Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Ritstjórn og ábyrgð: Jón G. Guðbjörnsson
Samantekt taflna ofl.: Þórhildur Þorsteinsdóttir
Gerð ársreiknings: Jón G. Guðbjörnsson
Endurskoðun ársreiknings: Ríkisendurskoðun

Forsíða: *Ólafsdalur í Gilsfirði / Jóhann Páll Valdimarsson*
Á árinu var þess minnst að 130 ár voru frá stofnun
búnaðarskólans í Ólafsdal

Ljósmyndir: JGG nema annars sé getið
Umbrot: Þórunn Edda Bjarnadóttir
Prentun: Leturprent, Dugguvogi 12, Rvk.

1. Inngangur

Framleiðnisjóður landbúnaðarins starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að „veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum.“ Landbúnaðarráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Skulu tveir menn tilnefndir af landbúnaðarráðherra, tveir af Bændasamtökum Íslands og einn af ráðherra byggðamála. Stjórn Framleiðnisjóðs tekur ákvarðanir um veitingu styrkja og lána úr sjóðnum á grundvelli umsókna er honum berast.

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eru starfsfé í samræmi við samning sem landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gera samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998. Aðrar tekjur Framleiðnisjóðs eru vaxta- og umsýslutekjur.

2. Stjórn og starfsmenn

Í stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sitja nú með skipunartíma til 16. janúar 2013:

Kjartan Ólafsson, Hlöðutúni, Árn., formaður, tilnefndur af landbúnaðarráðherra
Guðný Helga Björnsdóttir, Bessastöðum, V-Hún., tilnefnd af landbúnaðarráðherra
Gunnar Sæmundsson, Hrútatungu, V.-Hún., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands
Sveinn Ingvarsson, Reykjahlíð, Árn., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, og
Ólöf Hallgrímsdóttir, Hraunbergi, Mývatnssveit, tilnefnd af iðnaðarráðherra.

Varamenn í stjórn Framleiðnisjóðs eru skipaðir í sömu röð tilnefninga:

Þorsteinn Tómasson, Reykjavík.
Vigdís Sveinbjörnsdóttir, Egilsstöðum.
Haraldur Benediktsson, Vestra-Reyni, Borg.
Svana Halldórsdóttir, Melum, Svarfaðardal.
Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, Ísafirði.

Framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er Jón G. Guðbjörnsson. Fulltrúi á skrifstofu er Þórhildur Þorsteinsdóttir í 80% starfshlutfalli. Framleiðnisjóður leigir húsnæði til starfsemi sinnar í skrifstofubyggingu Borgarlands ehf. við Hvanneyrargötu 3 á Hvanneyri.

Ríkisendurskoðun / Sigurgeir Bóasson endurskoðaði ársreikning Framleiðnisjóðs 2010.



Stjórn og starfsfólk Framleiðnisjóðs: Jón, Sveinn, Kjartan, Gunnar og Þórhildur aftar en Ólöf og Guðný í öndvegi. Ljósmynd: Sigurður Már Harðarson.

3. Starf Framleiðnisjóðs 2010

Stjórn Framleiðnisjóðs hélt tólf formlega fundi á árinu 2010. Þar af voru fimm símafundir og hefur sá háttur reynst vel og sparað fé og fyrirhöfn á milli hefðbundinna fundahátta. Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri fóru kynnisferð um Árnes- og Rangárvallasýslur og heimsóttu marga aðila sem hafa átt eða eiga samskipti við sjóðinn vegna nýbreytni og atvinnusköpunar. Þessar árlegu ferðir sjóðsstjórnar eru liður í eftirfylgni og aðhaldi af hennar hálfu gagnvart viðskiptavinum sjóðsins en einnig stjórnarmönnum til gagns í þeirra störfum. Þá fóru stjórnarformaður og framkvæmdastjóri í sérstakar ferðir til þess að ræða við aðila sem höfðu sótt um framlög til atvinnuuppbyggingar og þróunarverkefna. Að venju voru ýmsir fundir haldnir með einstaklingum og fulltrúum aðila er óskað höfðu liðsinnis Framleiðnisjóðs eða áttu við hann önnur erindi. Einnig sóttu formaður og framkvæmdastjóri fundi og aðra viðburði eftir efnum og ástæðum.

Á heimasíðu Framleiðnisjóðs (www.fl.is) eru upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans, fréttir og tilkynningar svo og umsóknareyðublöð. Ársskýrslur sjóðsins 1998-2010 eru sömuleiðis aðgengilegar á heimasíðu hans. Þær hafa einnig verið gefnar út prentaðar í takmörkuðu upplagi en megin hluta þess er dreift til búnaðarþingsfulltrúa, alþingismanna og til nokkurra stofnanna.

4. Starfsreglur Framleiðnisjóðs 2010

Í upphafi árs fjallaði stjórn Framleiðnisjóðs að venju um starfsreglur fyrir árið og bar þær undir landbúnaðarráðherra lögum samkvæmt. Ekki voru gerðar breytingar reglunum frá fyrra ári Starfsreglurnar og fjárhagsáætlun á grundvelli þeirra mótuðu meginstefnu um ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum á árinu 2010. Starfsreglurnar voru þessar:

Framleiðnisjóður landbúnaðarins styður með fjárframlögum verkefni sem stuðla að nýsköpun atvinnu, aukinni fjölbreytni, hagræðingu og framleiðni í landbúnaði.

Framleiðnisjóður leggur áherslu á að fjármagn sjóðsins verði til viðbótar framlögum frá ábyrgðaraðilum verkefnanna, bæði eigin fjár og því sem þeir kunna að afla frá öðrum.

Með hliðsjón af þessu býður Framleiðnisjóður á árinu 2010 fram stuðning við vel undirbúin verkefni innan eftirtalinna flokka:

- a. hagnýt rannsókn- og þróunarverkefni í þágu landbúnaðar*
- b. nýsköpun atvinnu á bújörðum, samstarfsverkefni bænda og aðra eflingu atvinnu til sveita*
- c. endurmenntun og þekkingarauka í landbúnaði*
- d. markaðsöflun fyrir afurðir landbúnaðar.*

Framleiðnisjóður hvetur jafnt konur sem karla til að senda umsóknir um fýsileg verkefni til sjóðsins. Framleiðnisjóður vill stuðla að virku samstarfi við aðrar stofnanir sem styðja þróun og nýsköpun í sveitum landsins.

5. Fjármunir og ráðstöfun þeirra 2010

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins voru alls 174,0 mkr. Þar af nam framlag ríkis skv. fjárlögum 148,3 mkr. sem er 11,7 mkr. lægri fjárhæð heldur en samningur stjórnvalda og bænda kveður á um. Fjármunatekjur námu 17,7 mkr. auk gengishagnaðar af sölu hlutabréfa sem nam 8,0 mkr. Svo sem fram hefur komið í fyrri ársskýrslum þá naut Framleiðnisjóður ekki fjár úr Fóðursjóði (sbr. 31. og 33. gr. laga nr. 99/1993) þar sem gjöld til hans höfðu verið felld niður (sjá rg. nr. 508/2006).

Eins og fyrri ár var óhöfnum framlögum endurráðstafað, að upphæð 22,5 mkr., en það eru framlög sem samþykkt voru á árunum 2008 og fyrr en hafa ekki verið nýtt að neinu leyti. Sjóðurinn hefur fylgt þeirri reglu sinni að loforð um framlög fynast að tveimur árum liðnum sé þeirra ekki vitjað.

Samþykkt framlög úr Framleiðnisjóði og samningsbundnar greiðslur námu 174,8 mkr. Á árinu 2010 nam rekstrarkostnaður Framleiðnisjóðs alls 21,4 mkr. samanborið við 20,3 mkr. árið 2009. Breyting á afskriftareikningi útlána að upphæð 6,0 mkr. er síðan færð til lækkunar á reksturkostnaði auk 8,0 mkr. hagnaðar af sölu hlutabréfa sem til samans lækka birtan reksturkostnað í 7,4 mkr.. Sjóðurinn er gerður upp með 6,3 mkr. tekjuafgangi samanborið við 7,9 mkr. árið á undan.

Eignir Framleiðnisjóðs í árslok 2010 námu 283,5 mkr.; þar af voru 272,1 mkr. innistæður í lánastofnunum en á móti koma óhafin framlög (loforð um styrki) og umsýslufé 155,6 mkr. Útlán eru 11,4 mkr. að frádregnum afskriftasjóði. Eigið fé Framleiðnisjóðs var 127,9 mkr. í árslok 2010.

Um fjárhag Framleiðnisjóðs er að öðru leyti vísað til ársreiknings hans sem fylgir þessari skýrslu og skýringa við hann. Ársreikningur Framleiðnisjóðs er gerður upp á rekstrargrunni.



Móttöku- og samkomusalur að Fitjum í Skorradal, klæddur að innan með þilskífum unnum úr eigin skógi ábúanda.

6. Umsóknir og erindi 2010

Á árinu 2010 tók stjórn Framleiðnisjóðs alls fyrir 174 aðsend erindi. Af þeim voru 54 umsóknir vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 120 töldust til almennra viðfangsefna. Voru þetta talsvert fleiri mál en næstliðið ár. Það ár hafði að vísu orðið nokkur fækkun umsókna en líklegt má telja að versnandi efnahagsástand hafi valdið þar nokkru um og að þess hafi gætt fram eftir árinu 2010.

Stjórn Framleiðnisjóðs afgreiddi á árinu 115 erindi með fyrirheiti um fjárstuðning, all nokkru fleiri en árið á undan. Af þeim voru 44 vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 71 almennt verkefni, þar af nokkur í fleiri en einum lið. Synjað var 11 erindum úr fyrri flokknum. Úr síðari flokknum var 39 erindum synjað, þau viku í forgangsröð eða voru talin utan starfssviðs sjóðsins. Auk þess fólu nokkur erindanna ekki í sér beiðni um fjárstuðning eða voru dregin til baka. Þá er að því að gæta að nokkur erindi voru í vinnslu hjá sjóðnum bæði í upphafi og við lok starfsárs.

7. Helstu verkefni sem stuðnings nutu

Hér verður getið helstu viðfangsefna sem Framleiðnisjóður samþykkti stuðning við á árinu 2010. Skrár um einstök framlög, sem sjóðurinn samþykkti að veita einstaklingum, stofnunum og samtökum, er að finna í 5.og 6. töflu hér aftar. Einnig er vísað til ársreiknings sjóðsins og skýringa með honum.

a) Hagræðingar- og framleiðniverkefni

Ýmis rannsókn- og þróunarverkefni: Framleiðnisjóður hefur að venju styrkt rannsókn- og þróunarverkefni af ýmsum toga í töluverðum mæli enda spurn eftir stuðningi við þau mikil. Stærstu verkefni í þessum flokki á árinu 2010, hvað fjárupphæðir snerti, voru á eftirfarandi verksviðum:

- vegna margháttaðra rannsókna á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands (16)
- vegna matvælarannsókna tengdum afurðum búfjár og jarðargróða hjá Mátis (4)
- vegna bleikjurannsókna hjá Akvaplan niva og Vmst. (2)
- vegna þróunar bóluefnis gegn sumarexemi hjá Tilraunastöð HÍ á Keldum.
- vegna stofnræktunar kartöfluútsæðis hjá Mast.

Rannsókn- og þróunarverkefni voru af mjög fjölbreyttum toga, svo sem nánar má lesa um í 5. töflu hér á eftir, svo og í 12. lið skýringa með ársreikningi.

Samfjármögnun verkefna með Rannsóknamiðstöð Íslands. Samstarf Framleiðnisjóðs og Rannís um fjármögnun rannsókna- og þróunarverkefna á sviði landbúnaðar hafði staðið allt frá árinu 1992. Í upphafi tók samstarfið fyrst og fremst til samfjármögnunar rannsóknaverkefna með Tæknisjóði Rannís en frá árinu 2004 með Rannsóknasjóði eftir að Tæknisjóður var lagður niður. Fullyrða má að á heildina litið hafa þetta samstarf verið farsælt og skilað góðum árangri. Hins vegar hefur það reynst svo að Framleiðnisjóður á minni samleið með Rannsóknasjóði þar sem úthlutunarreglur hafa breytst á þann veg að fjær liggja áherslum og áhrifum FL. Því til viðbótar hefur ráðstöfunarfé Framleiðnisjóðs skroppið saman, öndvert við fé Rannsóknasjóðs. Í ljósi þessa ákvað stjórn FL að slá striki undir þennan þátt í starfi sjóðsins frá og með árinu 2010. Maklegt er á þessum tímamótum að færa fram þakkir til samstarfsaðilans RANNÍS (í öllum sínum myndum) og þeirra sem þar hafa starfað á þessum árum fyrir gott og gagnlegt samstarf. Vert er einnig að draga fram að á þessum 18 árum hafa verið veittir 249 styrkir að samantöldu rífur hálfur milljarður, óframreiknað (sjá 1. töflu). Viðfangsefni eru að sönnu nokkru færri en styrkir því ekki er gerður munur á að sum verkefni telja oft en einu sinni.

1. tafla. Samfjármögnun Rannís og FL samtals árin 1992-2009 til 249 verkefna (framreiknað innan sviga til verðlags árið 2010). Upphæðir eru í milljónum króna:

Rannís 328,2 (598,0) FL 263,3 (481,0) Samtals 591,5 (1.079,0)

b) Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum

Á árinu 2010 miðaðist stuðningur Framleiðnisjóðs við nýsköpun og eflingu atvinnu á bújörðum sem fyrr við 30% áætlaðs kostnaðar, allt að 2,6 mkr. á býli. Viðbótarframlög, allt að 1,3 mkr., eru þó veitt vegna framkvæmda sem taldar eru geta skapað tvö ársverk eða fleiri. Samtals námu framlögin 82,1 mkr. sem er talsvert hærri fjárhæð en árið á undan (sjá 6. töflu). Fleiri verkefni á vegum bænda voru studd eins og sjá má í 5. töflu (B2); verkefni sem fleiri aðilar eiga hlut að eða varða óstaðbundna starfsemi en fela þó í sér áhugaverða nýsköpun í sveitum. Samþykkt erindi, er snerta atvinnueflingu og nýsköpun á einstökum bújörðum, skiptast eftir landshlutum og viðfangsefnum eins og 2. tafla sýnir:

2. tafla. Samþykkt framlög til nýsköpunar og eflingar atvinnu á bújörðum 2010

Landshluti	Ferðabúskapur	Tamn. og hestaþjón.	Iðnaður	Heimavinnsla ¹⁾	Ýmislegt	Alls
Vesturland	4	1	4	-	-	9
Vestfirðir	-	-	-	-	-	0
Norðurland vestra	1	3	1	-	1	6
Norðurland eystra	3	1	-	3	2	9
Austurland	1	1	1	1	-	4
Suðurland	7	1	1	4	3	16
Reykjanes	-	-	-	-	-	0
SAMTALS	16	7	7	8	6	44
Meðaltal 2001-2009	19	9	5	5	4	42
Samtals 2001-2010	187	84	53	51	46	421

¹⁾ Ath. að yfirskriftin Heimavinnsla stendur fyrir árin 2009 og 2010 en önnur ár er um þjónustunýbreytni af ýmsum toga að ræða.

Fjöldi verkefna í þessum flokki hefur reynst breytilegur á milli ára en vænta hefði mátt meiri samdráttar eftir hrun heldur en raun hefur orðið á. Raunar er það svo að síðasta ár er yfir meðaltali árana 2001-2009 sem er gleðiefni. Athygli vekur hins vegar að tveir landshlutar skila auðu. Sem fyrr var ferðabúskapur af ýmsu tagi stór hluti studdra umsókna. Þar var um að ræða gisti- og veitingaaðstöðu en líka verkefni á sviði afþreyingar fyrir ferðamenn. Verkefni sem varða sérhæfða aðstöðu til hrossatamninga og tengdrar þjónustu voru færri en jafnan á undanförunum árum. Margir þeirra sem hafa tamningar að atvinnu bjóða einnig upp á hestaferðir að sumri til. Vaxandi áhugi helst á heimavinnslu búsafurða sem virðist vera eitt helsta nýbreytnisviðið í sveitum þessi misserin. Af sjö verkefnum sem flokkuð eru á sviði iðnaðar telja fimm til nýbreytni í orkuöflun; þrjár vatnsaflsvirkjanir, ein vindrafstöð og metangasframleiðsla.

c) Endurmenntun – námsstyrkir

Framleiðnisjóður hafði frumkvæði að því á árinu 2006 að koma á fót starfsmenntasjóði hjá Bændasamtökum Íslands. Taldi stjórn FL það eðlilegri skipan mála en að Framleiðnisjóður niðurgreiddi námskeiðsgjöld til búnaðarskólanna. Stjórn Bændasamtakanna setti starfsmenntasjóðnum starfsreglur í samráði við stjórn Framleiðnisjóðs sem á hinn bóginn leggur sjóðnum til fjármuni er ganga til þess að létta bændum og búaliði sókn til endurmenntunar.



Handverkslistakonan Guðfinna Þorvaldsdóttir í Saurbæ í Holtum.

Greinargerð um Starfsmenntasjóð BÍ er í 8. kafla ársskýrslunnar. Ber hún með sér að spurn eftir stuðningi vegna endurmenntunar var áþekkt því sem var á næstliðnu ári.

Að venju bauð Framleiðnisjóður fram sérstaka styrki til framhaldsnáms í búvísindum og endurmenntunar starfandi bænda. Á árinu 2010 samþykkti stjórn Framleiðnisjóðs sjö námsstyrki til nemenda í framhaldsnámi í búvísindum og fjóra styrki til starfandi bænda vegna umfangsmeiri endurmenntunar (a.m.k. 15 námsvikur). Þá studdi Framleiðnisjóður nokkur verkefni í samvinnu við Nýsköpunarsjóð námsmanna á árinu. Fagfélag ráðunauta hlaut styrk vegna fræðsluferðar til Finnlands og Eistlands. Einnig studdi sjóðurinn við gerð kennsluefnis í jarðrækt og búfjárrækt.

Samstarf við Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem formlega var stofnað til í árslok 2006 með verkefninu Vaxtarsprotar, hélt áfram árið 2010. Til framkvæmdar sjálfu verkefninu varði sjóðurinn að sínum hluta 4,2 mkr. til jafns við Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Jón G. Guðbjörnsson var fulltrúi FL í stjórn verkefnisins ásamt Berglind Hallgrímsdóttur framkvæmdastjóra Impru. Sérstök árgreinargerð er um verkefnið í 8. kafla ársskýrslunnar.

d) Markaðsöflun

Á árinu 2010 nam stuðningur við verkefni sem flokkast undir markaðsmál 9,5 mkr. Það er megin stefna sjóðsstjórnar á þessu sviði að styðja við frumframtak og nýmæli en ekki að styrkir sjóðsins séu bundnir einstökum vörutegundum eða verkefnum til langframa. Lungnapestin sem kom upp í íslenskum hrossum á árinu og setti fyrirhugað landsmótshald í uppnám. Í húfi voru markaðsleg verðmæti sem talin eru fölgin í þeim viðburði. Stjórn FL ákvað að verða við málaleitan mótshaldarans um stuðning vegna frestunar landsmótsins um eitt ár þar sem um mikilvæga varnaraðgerð væri að ræða gagnvart markaðstjóni. Hrossaræktendur og aðrir hagsmunaaðilar hafa hins vegar orðið að bera sitt tjón sjálfir sem lungnapestin olli.

e) Stuðningur við annan atvinnurekstur

Umsóknir bárust um stuðning við ýmsan annan atvinnurekstur á landsbyggðinni en getið er í b-lið þessa kafla. Var þar bæði um að ræða affreyngarverkefni innan ferðaþjónustu sem og hefðbundnari framleiðslufyrirtæki, sjá 5. töflu.

f) Kynningarmál

Framleiðnisjóður hefur ekki staðið fyrir viðamiklu kynningarstarfi á starfsemi sinni gegnum árin. Þó hefur hann minnt á tilveru sína með reglubundum hætti í Bændablaðinu auk einstakra auglýsinga. Einnig hefur stjórn sjóðsins gert rækilega grein fyrir störfum sínum og úthlutunum með reglulegri útgáfu ársskýrslu í meira en 20 ár eða frá árinu 1987. Þá hafa önnur tilefni verið nýtt, þegar gefist hafa eða óskað hefur verið eftir kynningu á sjóðnum og starfsemi hans. Einnig heldur sjóðurinn úti vefsíðu á slóðinni www.fl.is þar sem er að finna helstu upplýsingar um sjóðinn, fréttir, ársskýrslur, umsóknareyðublöð o.fl.



Hestaheilsurækt í Flóanum.

8. Af sérstökum verkefnum FL

a) Vaxtarsprotar - Samstarfsverkefni Framleiðnisjóðs og Impru

Framleiðnisjóður og Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands héldu áfram samstarfi sínum um verkefnið Vaxtarsprotar á árinu 2010. Um er að ræða stuðningsverkefni sem hefur það að markmiði að hvetja og styðja við fjölbreytta atvinnusköpun í sveitum. Verkefnið fór af stað í upphafi ársins 2007 á Suðurlandi og í Húnaþingi og á Ströndum, en kom til framkvæmdar í Þingeyjarsýslum, Döllum og Reykhólahreppi á árinu 2008. Á árinu 2009 voru haldin námskeið á Austurlandi og í Skagafirði en í Eyjafirði og á Vesturlandi á árinu 2010. Gert er ráð fyrir að framhald verði á öðrum svæðum á næstu misserum.

Erla Sigurðardóttir, starfsmaður Impru á Húsavík, er verkefnisstjóri Vaxtarsprotar og tók hún við um mitt ár af Sigríði Ólöfu Kristjánsdóttur.

Verkefnið er opið öllum íbúum í sveit og vinnur hver og einn þátttakenda að þróun eigin viðskiptahugmynda. Þátttakendum í verkefninu hefur staðið til boða margvíslegur stuðningur. Boðið hefur verið upp á námskeið, einstaklingsbundna ráðgjöf, auk þess sem ýmsir styrkjámöguleikar hafa verið kynntir. Framkvæmd verkefnisins á árinu 2010 var að venju í samvinnu við búnaðarsambönd og atvinnuþróunarfélög á viðkomandi svæðum.

Líkt og fyrr reyndist mikill áhugi fyrir verkefninu. Tæplega 30 manns luku námskeiðunum og fleiri nýttu sér hluta þeirra, auk einstaklingsbundinnar leiðsagnar. Mörgum þeirra atvinnuskapandi verkefna sem þátttakendur hafa unnið að hefur þegar verið ýtt úr vör en önnur eru enn á undirbúningsstigi. Má vel merkja það í umsóknaflóru til Framleiðnisjóðs. Ennfremur hafa margir forsvarsmenn starfandi fyrirtækja nýtt sér Vaxtarsprotaverkefnið til frekari framþróunar á sinni starfsemi.

Venja er að ljúka Vaxtarsprotaverkefninu á hverju svæði með myndarlegri uppskeruhátíð. Á vordögum var haldin sameiginleg uppskeruhátíð Skagfirðinga og Eyfirðinga á Þelamörk og að Breiðabliki á Snæfellsnesi á jólaföstu vegna Vestlendinga. Á þessum hátíðum gera þátttakendur



Þátttakendur í verkefninu Vaxtarsprotar á Vesturlandi við brautskráningu í desember 2010.

grein fyrir og sýna afrakstur sinnar vinnu auk þess að taka við þátttökuviðurkenningum. Markmið þessara hátíða er að skapa formlega umgjörð um lok verkefnisins, að hefja vinnu þátttakenda til vegs og virðingar og vekja athygli á viðfangsefnum þeirra.

b) Starfsmenntasjóður BÍ

Starfsmenntasjóður BÍ, sem fjármagnaður er af Framleiðnisjóði eins og fyrr sagði, tók til starfa um miðbik ársins 2006. Mótaðar voru reglur um stuðning og þær kynntar, sjá m.a. www.bondi.is/landbunadur/. Skrifstofa Bændasamtaka Íslands annast rekstur sjóðsins í daglegri umsjón Ásdísar Kristinsdóttur. Eftirfarandi er byggt á greinargerð hennar:

Á árinu 2010 bárust alls 252 umsóknir (255 árið 2009) er þannig skiptust eftir búgreinum:

3. tafla. Fjöldi umsókna um starfsmenntastyrki á árinu 2010 skipt eftir búgreinum

Búgrein	Fjöldi	Búgrein	Fjöldi
Alifuglarækt	0 (0)	Sauðfjarrækt	140 (106)
Ferðþjónusta	1 (0)	Skógrækt	8 (9)
Hrossarækt	9 (35)	Svínarækt	0 (0)
Loðdýrarækt	25 (2)	Ylrækt og matjurtir	2 (0)
Nautgriparækt	61 (99)	Óflokkað	4 (3)
Nýsköpun og hlunnindanýting	2 (1)		

4. tafla

Rekstraryfirlit Starfsmenntasjóðs BÍ

Tekjur	2010	2009	2008	2007	2006	Samtals
Framlag FL	6.500.000	3.000.000	3.500.000	4.000.000	2.000.000	19.000.000
Styrkveitingar	4.705.300	3.337.400	4.384.485	5.229.170	334.000	17.990.355
Rekstrarafgangur:	1.794.700	-337.400	-884.485	-1.229.170	1.666.000	1.009.645

Ójafnað eigið fé 31.12.10 **1.009.645**

ÁK 24.2.2011



Þátttakendur í Sáðmanninum - námskeiðsröð hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Ljós.: Ásdís Helga Bjarnadóttir.

Árið 2010 veitti Starfsmenntasjóður 252 styrki að upphæð 4.705.300 kr. Nokkrar umsóknir eru í úrvinnslu. Styrkjafjárhæðir hækkuðu um 50% á árinu 2009 og hafa haldist óbreyttar síðan. Hámarksstyrkur nemur nú kr. 33.000. Heildarráðstöfun sjóðsins frá upphafi nemur 18,0 mkr. og veittir styrkir alls 1159. Eins og áður, endurspegla viðfangsefni umsækjenda fjölbreytileika landbúnaðarins, markaðan námsframboði, þótt þorri styrkjanna tengist námskeiðum í hinum hefðbundnu og stóru búgreinum, sauðfjár- og nautgriparækt.

c) Átaksverkefni til fjölgunar sumarstarfa

Á vordögum fór landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra þess á leit við stjórn FL að sjóðurinn tæki þátt í átaki stjórnvalda til fjölgunar sumarstarfa ásamt AVS sjóðnum. Varð stjórnin við því erindi og auglýsti í því skyni eftir umsóknum. Nokkrar umsóknir bárust og var orðið við þeim.

9. Í lokaleit ???

Umsóknir til Framleiðnisjóðs á árinu 2010 voru sem fyrr fjölbreyttar að efni þótt því megi einnig halda fram með rökum að nokkurrar einsleitni gæti frá einu ári til annars. Það breytir ekki því að umsóknirnar endurspegla vilja umsækjenda til atvinnueflingar og nýsköpunar. Einnig ber að hafa í huga að allri nýsköpun fylgir áhætta sem jafnan liggur að stærstum hluta hjá þeim sem fyrir henni standa og ætla að hafa af henni viðurværi. Þeim mun mikilvægara er að vandað sé til undirbúnings því eitt er að fá hugmynd; annað er að gera sér grein fyrir hvort hún sé raunhæf og framkvæmanleg. Er þá enn og aftur ástæða til að vekja athygli á Vaxtarsprotaverkefninu.

Í nær hálfra öld hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins verið nýsköpunar- og þróunarsjóður atvinnuvegarins. Megin hluti ráðstöfunarfjár sjóðsins hefur farið til atvinnunýsköpunar og til rannsókna og þróunar. Rannsóknir eru nýsköpun þekkingar og með stuðningi við slík viðfangsefni hefur Framleiðnisjóður rækt hlutverk sitt til aukinnar framleiðni og hagræðingar. Jafnframt hefur Framleiðnisjóður stutt með beinum hætti við margháttuð hagræðingar- og nýsköpunarverkefni. Mörg þeirra verkefna sem sjóðurinn hefur veitt fjárhagslegt brautargengi hafa haft menningarlegt varðveislugildi en jafnframt verið atvinnuskapandi og þjónað markmiðum menningartengdrar ferðaþjónustu sem aftur kallast á við stuðning sjóðsins við uppbyggingu aðstöðu til að mæta þörfum ferðamanna fyrir húsaskjól og næringu. Ferðabúskapur er fjölpættur og tengist að hluta til hestamenskunni. Miklar framfarir hafa átt sér stað í hrossarækt og hestamenskun, studdar stórbættri aðstöðu og aðbúnaði fyrir menn og skepnur. Spor Framleiðnisjóðs á þeim vettvangi má merkja víða og með afgerandi hætti. Af mörgu fleira er að taka sem vert væri að nefna og eitt er víst að öðruvísi væri um að litast í sveitum okkar lands ef Framleiðnisjóðs hefði ekki notið við. Við þær aðstæður hlýtur það að vera áhyggjuefni að ráðstöfunarfé sjóðsins hefur skroppið saman, bæði að krónutölu og raungildi, svo um munar síðustu árin. En nú tekur steininn úr. Á komandi ári er Framleiðnisjóði ekki lagt til neitt fé til að rækja hlutverk sitt. Flestar stofnanir hafa mátt þola skerðingu fjárframlaga en harkaleg útreið Framleiðnisjóðs er þó líkast til einsdæmi. Bent er á að sjóðurinn hafi ríflegt eigið fé á að ganga. Það er að sönnu rétt en hrekkur skammt eitt og sér til að næra vaxtarsprotana. Hér er ekki hugsað til framtíðar en með vísan til þess sem að framan er lýst og í þeim aðstæðum sem þjóðin er í þessi misserin er ekki óeðlilegt að spurt sé hvort við höfum ráð á slíkum sparnaði?

Stjórn og starfsmenn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins þakka öllum þeim, sem í hlut eiga, góð og gagnleg samskipti á árinu 2010.



Beint frá býli. Mjólkurhúsinu í Langholstkoti hefur verið breytt í kjötvinnslu.

10. Lokaorð fráfarandi framkvæmdastjóra

Allt hefur sinn tíma og á sín tímamót. Það blasir nú við skrásetjara. Nærri aldarfjórðungur að baki á vettvangi Framleiðnisjóðs; meira en hálf ævi sjóðsins sjálfs og meira en hálf starfsævi manns að nútíma viðmiði. Þessi tími hefur í senn verið krefjandi og gefandi og viðfangsefnin fjölbreytileg. Margir hafa átt erindi við sjóðinn; einstaklingar, félög, fyrirtæki og stofnanir. Með setningu búvörulaganna 1985 urðu mikil tímamót í starfsemi Framleiðnisjóðs en með þeim var sjóðnum falið að fylgja eftir einu megin markmiði laganna að aðlaga búvöruframleiðsluna að innanlandsmarkaði. Til verksins var Framleiðnisjóði fenginn mestur hluti þess fjár sem sparaðist í útflutningbótum næstu árin en síðan hefur sjóðnum verið lagt til fé úr Ríkissjóði með sérstökum samningum sem jafnframt hafa verið hluti af starfsskilyrðum landbúnaðarins sem atvinnuvegar. Því fé hefur fyrst og fremst verið varið til þróunar- og nýsköpunarstarfs í ýmsum myndum. Skráð og bókuð erindi frá árinu 1987 eru 6768 frá 3040 einstaklingum og lögaðilum. Þessu til viðbótar eru samningar um ráðstöfun framleiðsluréttar og erindi þeim tengdum sem telja talsvert á annað þúsund. Inni í þessum tölum eru 1520 erindi frá bændum sem varða nýsköpun á bújörðum og af þeim hafa 1160 hlotið brautargengi í afgreiðslum sjóðsstjórnar að upphæð 1.215 mkr. (sjá 6. töflu í ársskýrslu 2009). Með vísan til þess að megin þunginn af fjárfestingunum liggur hjá bændunum sjálfum er það varleg nálgun að fimmfalda framlag sjóðsins til að meta heildarfjárfestinguna í nýsköpun á bújörðum á þessum tímabili sem myndi þá telja í 6 milljarða. Það gerir meðaltalsfjárfestingu upp á rúmar fimm milljónir króna án verðlagsframreiknings. Hér hefur verið tæpt á örfáum tölum til að gefa innsýn í umfang viðfangsefna Framleiðnisjóðs.

Ég sem þetta rita hef verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa í störfum hjá Framleiðnisjóði notið velvildar og átt samleið með mörgu góðu fólki. Á það jafnt við um það fólk sem hefur átt erindi við sjóðinn og aðra sem leita hefur þurft til í dagsins önn eða komið til samstarfs við með einum eða öðrum hætti. Taki nú allir til sín sem eiga, hér er enginn undan skilinn. Mestar þakkir á ég þó þeim að gjalda sem hafa treyst mér fyrir sjóðnum öll þessi ár. Framleiðnisjóður hefur átt því láni að fagna að í stjórn hans hafa valist traustir og öflugir einstaklingar með margháttaða reynslu og þekkingu, meðvitaðir um ábyrgð sína. Stjórnarseta í Framleiðnisjóði er krefjandi starf en ekki

fyrirhafnarlítill upphæð. Á milli stjórnar og framkvæmdastjóra hefur ríkt gagnkvæmt traust og samvinna sem hvergi hefur borið skugga á. Allt þetta er mikilvægt í farsælu starfi sjóðsins. Ekki verður undan því vikist og er miklu frekar ljúft og skylt að nefna á nafn þá tvo einstaklinga sem lengst hafa setið fyrir borðsenda í stjórn sjóðsins, svo náði sem samstarf mitt við þá hefur verið. Þetta eru Jóhannes Torfason og Bjarni Guðmundsson. Það er ómetanlegt að hafa átt þá að nánum og traustum samverkamönnum og vinum. Í öllu þessu sem hér hefur verið dregið fram, í knöppu formi miðað við tilefni, felst ríkidæmi sem hvorki verður metið til fjár né frá mér tekið. Það er mér dýrmætt.

Töflur

5. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til almennra framleiðni og hagræðingarverkefna á árinu 2010. Framlöggin eru flokkuð eftir viðfangsefnum. Upphæðir eru í krónum.

Nafn ábyrgðaraðila	Fl.	Verkefni	Upphæð
Rannsókn- og þróunarverkefni:			
Samband Ísl. loðdýrabænda	A1	Innflutningur á erfðaeftni til minkaræktar	2.000.000
Veiðimálastofnun	A2	Bleikja á ósasvæðum Borgarfjarðar	500.000
Veiðimálastofnun	A2	Flundra á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði	400.000
Nautastöð Bændasamtaka Íslands	A2	Arfgerðargreining á íslenskum kúm	1.000.000
Akvaplan niva á Íslandi	A2	Skilgreining á kjöreldisaðstæðum í bleikjueldi	1.500.000
Matvælastofnun	A2	Munnur og mál; munnsærindi keppnishesta	1.500.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	A2	Veirufurjur til bólusetninga gegn sumarexemi.	2.000.000
Skógrækt ríkisins, rannsóknarstöð	A2	Trjáskemmdir af völdum ertuyglu	1.000.000
Mátis ohf.	A2	Sérstaða hefðbundins skyr	1.700.000
Mátis ohf.	A2	Matkorn, öryggi og gæði íslensks korns	600.000
Mátis ohf.	A2	Verðmæti úr hliðarafurðum slátrunar- og kjötvinnslu	1.500.000
Mátis ohf.	A2	Íslenskur barnamatúr úr íslenskum hráefnum	2.500.000
Borghildur Sverrisdóttir	A2	HeilsuAskur og Sælkeraskur	700.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Yndisgróður, garð- og landslagsplöntur f. ísl. aðstæður	2.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Skógvatn, áhrif skógræktar og landgr. á vatnavistkerfi	1.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Landbætur á sandsvæðum	800.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Niturjöfnuður í ræktuðum kerfum	3.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Heilsársæktun papriku	3.500.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Veðurskjól fyrir búfé	500.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Viðhald, meðferð og gæði reiðvalla.	500.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Áhrif fóðursamsetningar á vöxt og þroska kvígna (frh)	1.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Hraustar kýr. Aukin sjálfbærni í fóðrun mjólkurkúa	2.500.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Frjáls aðgangur kvígna að sýrri mjólk	1.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Marvissar áburðarleiðbeiningar	2.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Smáablöndur og áhrif N áburðar	1.100.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Vaxtarsvæði helstu tegunda og yrkja í túnrækt	750.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Kornrækt og kornkynbætur	2.400.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Áburðarsvörun í túnnum með mislanga ræktunarsögu	600.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Efnagreining mykju	1.000.000
Hólaskóli	A2	Áhrif hitastigs og stærðar á vöxt og fóðurþörf bleikju	3.000.000
Ragnhildur Helga Jónsdóttir	A2	Nýting flæðiengja í Borgarfirði, verkætill og vinnubrögð	750.000
Skógræktarfélag Íslands	A2	Embla II kynbætt birki til skóg- og garðræktar	500.000
Listaháskóli Íslands	A2	Stefnumót bænda og hönnuða (sumarstörf 2010)	800.000
Matvælastofnun	G	Stofnrækt heilbrigðs kartöfluútsæðis	2.500.000
			48.100.000

Nafn ábyrgðaraðila	Fl.	Verkefni	Upphæð
Verkefni á lögbýlum:			
Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum	B1	sjá 6. töflu	82.070.000
Önnur verkefni á vegum bænda:			
Spes, félag um sveitamarkað	B2	Sögutengdur sveitamarkaður á Laugarbakka	450.000
Heimöx handverksfélag	B2	Handverkssöluaðstöðu við Ásbyrgi	1.050.000
Hrísið ehf.	B2	Vinnsla ætíhvarnar í Hrisey	1.000.000
Fræðasetur um forystufé	B2	Fræðasetur um forystufé	2.000.000
Fræðasetur um forystufé	B2	Verkefni vegna sumarstarfa 2010	500.000
Húnaþing vestra	B2	Verkefni vegna sumarstarfa 2010	500.000
Vaðall ehf. Skjöldólfstöðum	B2	Hreindýrasetur á Jökuldal	2.000.000
Móra ehf. Barðaströnd	B2	Upplifðu sveitina, fjölskylduvænn afþreyingargarður	2.300.000
			9.800.000
Fyrirtæki í dreifbýli:			
Ólafsdalsfélagið	B3	Endurreisn Ólafsdals	1.000.000
Þorpið, skapandi samfélag á Austurlandi	B3	Átaksverkefni í hönnun og handverki á Austurlandi	1.000.000
Þórarinn Gunnarsson	B3	Ferðaþjónusta, Mótél Syðri Varðgjá	2.000.000
Holt og heiðar ehf.	B3	Vinnsla skógarafurða og berja	2.000.000
Grænna land ehf.	B3	Forvinnsla og þurrkun á hvönn	850.000
			6.850.000
Endurmenntun:			
Nýsköpunarsjóður námsmanna	C	Nýsköpunarverkefni námsmanna	1.000.000
Þorsteinn Guðmundsson	C	Almennt fræðirit um jarðveg, myndun, vist og nýtingu	1.690.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	C	Kennslubók í nautgriparækt, viðb.framlag	1.060.000
Fagfélag ráðunauta	C	Fag- og fræðsluferð til Finnlands og Eistlands	1.500.000
Theódór Kristjánsson	C	Framhaldsnám í búvísindum (PhD)	600.000
Erla Sturludóttir	C	Framhaldsnám í búvísindum (MSc)	600.000
Einar Kári Magnússon	C	Framhaldsnám í búvísindum (MSc)	600.000
Eyjólfur Ingvi Bjarnason	C	Framhaldsnám í búvísindum (MSc)	600.000
Guðrún Bjarnadóttir	C	Framhaldsnám í búvísindum (MSc)	600.000
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir	C	Framhaldsnám í búvísindum (MSc)	600.000
Ragnar Finnur Sigurðsson	C	Framhaldsnám í búvísindum (MSc)	600.000
Ingólfur Víðir Ingólfsson	C	Starfsmenntunarstyrkur	200.000
Áslaug Guðbrandsdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	200.000
Sólveig Bessa Magnúsdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	100.000
Björgvin Sveinsson	C	Starfsmenntunarstyrkur	100.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	C	Kennslurit um geitfjárrækt	750.000
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	C	Vaxtasprotar; hvatningarverkefni Impru og Framleiðnisjóðs	4.200.000
Bændasamtök Íslands	C	Starfsmenntasjóður BÍ	3.500.000
			18.500.000
Markaðsmál:			
Hagfélagið hf.	D	Matarvirkið Hvammstanga	1.500.000
Matís ohf.	D	Upplýsingar um kjöt og kjötvörur	1.000.000
ÁFORM	D	Food and Fun, matarhátíð	500.000
Guðrún Stefánsdóttir	D	Verkefni vegna sumarstarfa 2010	500.000
Landsmót ehf.	D	Frestun landsmót hestamanna 2010 vegna lungnapestar	6.000.000
			9.500.000
		Samtals verkefnaráðstöfun á árinu 2010	174.820.000

6. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til atvinnuefingar og þróunar á bújörðum 2010, sjá 7. kafla b hér að framan og sbr. 2. töflu. Greiðsla framlaga ræðst af framvindu verkefnis og ekki kemur allt til framkvæmda sem ætlað er. Upphæðir eru í krónum.

Nafn/nöfn	Býli	Sýsla	Verkefni	Upphæð
Hestafl hrossarækt ehf	Vestri-Leirárgörðum	Borg.	Tamningaaðstaða	2.600.000
Eystri-Leirárgarðar ehf	Eystri-Leirárgörðum	Borg.	Bugavirkjun	1.300.000
Hannes Adolf Magnússon	Eystri-Leirárgörðum	Borg.	Bugavirkjun	1.300.000
Haraldur Magnússon	Belgsholti	Borg.	Vindmylla til orkuvinnslu	600.000
K. Hulda Guðmundsdóttir	Fitjum, Skorradal	Borg.	Ferðaþjónusta, gistiaðstaða	1.785.000
Pétur J. Pétursson	Geirshlíð	Borg.	Ferðaþjónusta, gistiaðstaða	2.600.000
Guðmundur Kristinsson	Grímsstöðum	Borg.	Ferðaþjónusta, ferðavagnsvæði	2.600.000
Torfi Guðlaugsson	Hvammi í Hvítársíðu	Mýr.	Vélsmíðaverkstæði	1.700.000
Hildibrandur Bjarnason	Bjarnarhöfn	Snæf.	Menningartengd ferðaþjónusta	2.000.000
Júlíus Baldursson	Tjörn á Vatnsnesi	V-Hún.	Landnámsshænsnabú	2.000.000
Marianna E. Ragnarsdóttir	Stórhóli	V-Hún.	Vistun barna í sveit	2.600.000
Glaðhestar ehf	Fremstagili	A-Hún.	Tamningaaðstaða	1.100.000
Þingeyrabúið ehf.	Þingeyrum	A-Hún.	Tamningaaðstaða	2.600.000
Sveitabakarí SF.	Auðkúlu I	A-Hún.	Brauðgerð	340.000
Ingibjörg Sigurðardóttir	Ásgarði vestri	Skag.	Tamningaaðstaða	120.000
Gistihúsið Hrafnagili ehf	Hrafnagili	Eyjaf.	Ferðaþjónusta, gistiaðstaða	2.500.000
Hov ehf	Leifsstöðum II	Eyjaf.	Ferðaþjónusta, gistiaðstaða	2.000.000
Garðsbúið ehf	Garði	Eyjaf.	Gestamóttaka í fjósi	1.500.000
Árroðinn ehf	Garði	Eyjaf.	Heimavinnsla afurða	1.000.000
Stóru-Tjarnir ehf	Stóru-Tjörnum	S-Þing.	Gallerý Surtla	1.100.000
Sigurður Þórarinnsson	Skarðaborg í Reykjahverfi	S-Þing.	Heimavinnsla afurða	2.600.000
Hólmgímur Kjartansson	Hrauni í Aðaldal	S-Þing.	Uppsetning fuglahúss	690.000
Þórsteinn Rúnar Þórsteinsson	Vallarkoti í Reykjadal	S-Þing.	Heimavinnsla afurða	2.600.000
Jóhannes Sigfússon	Gunnarsstöðum	N-Þing.	Tamningaaðstaða	2.600.000
Hofteigur ehf	Hofteigi	N-Múl.	Vatnsaflsvirkjun	2.600.000
Jakob Sigurðsson	Borg í Njarðvík	N-Múl.	Ferðaþjónusta	2.600.000
Sæmundur G. Guðmundsson	Gíslastöðum	S-Múl.	Tamningaaðstaða og reiðskóli	2.600.000
Eymundur Magnússon	Vallanesi	S-Múl.	Byggmjólk	1.050.000
Heiða Guðný Ásgeirsdóttir	Ljótarstöðum	V-Skaft.	Tamningaaðstaða	960.000
Elín Einarisdóttir	Sólheimahjáleigu	V-Skaft.	Ferðaþjónusta, gistiskáli	2.600.000
Sólheimajökull ehf	Ytri-Sólheimum III	V-Skaft.	Ferðaþjónusta, veitingaskáli	2.600.000
Eyrbúið ehf	Þorvaldseyri	Rang.	Framleiðsla á manneldiskorni	2.600.000
Jón Guðmundsson ehf.	Drangshlíð I	Rang.	Ferðaþjónusta, gistiaðstaða	2.000.000
Dagrún Jónsdóttir	Oddsparti	Rang.	Ferðaþjónusta, móttökuaðstaða	2.600.000
Liljan ehf	Fögruhlíð	Rang.	Ferðaþjónusta, gistiaðstaða	325.000
Árni M.Hannesson	Gilsbakka	Árn.	Útplöntunarvél fyrir íssalat	1.500.000
Jón Þormar Pálsson	Böðmóðsstöðum II	Árn.	Heimavinnsla afurða	1.400.000
Unnsteinn Hermannsson	Langholtskoti	Árn.	Heimavinnsla afurða	1.300.000
Guðmundur Stefánsson	Hraungerði	Árn.	Framleiðsla á metangasi	2.600.000
Búrfell II ehf	Búrfelli II	Árn.	Ferðaþjónusta, sumarhús	2.600.000
Esther Guðjónsdóttir	Sólheimum	Árn.	Samansafnið	2.600.000
Sturla Þormóðsson	Fljótshólum I og IV	Árn.	Vinnsla og pökkun gulróta	2.600.000
Skálpur sf	Stóru-Sandvík	Árn.	Fræræktun Sandvíkurrófna	500.000
Jóhann Helgi og co	Vatnsholti II	Árn.	Ferðaþjónusta gistiaðstaða	2.600.000

Samtals kr. 82.070.000

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársreikningur 2010

Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyri
311 Borgarnes
kt. 590986-1789

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnenda	19
Áritun endurskoðenda	20
Rekstrarreikningur	21
Efnahagsreikningur	22
Sjóðstreymi	23
Skýringar	24-28

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga lánastofnana.

Á árinu 2010 var tekjuafgangur af rekstri Framleiðnisjóðsins 6,3 m.kr. Eignir samtals eru 283,5 m.kr. í árslok. Skuldir samtals eru 155,6 m.kr. og eigið fé 127,9 m.kr. í árslok.

Stjórn og framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. febrúar 2011

í stjórn



Kjartan Ólafsson,
formaður.



Gunnar Sæmundsson.



Sveinn Ingvarsson.



Guðný Helga Björnsdóttir.



Ólöf Hallgrímsdóttir.



Jón G. Guðbjörnsson,
framkvæmdastjóri.

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og staðfestingar stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningurinn samþykktur.



Jón Bjarnason,
landbúnaðarráðherra.

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.


Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árinu 2010, efnahag 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010 í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 28. febrúar 2011



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.



Sigurgeir Bóasson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Framlög			
Fengin framlög:			
Framlag ríkissjóðs skv. búnaðarlagasamningi		148.300.000	158.900.000
		<u>148.300.000</u>	<u>158.900.000</u>
Fengin framlög			
Veitt framlög:			
Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf	11	18.500.000	7.598.000
Samfjármögnun með Rannís		0	5.700.000
Rannsóknar- og þróunarverkefni	12	48.100.000	60.065.000
Markaðsmál og vöruþróun	13	9.500.000	5.150.000
Fyrirtæki í dreifbýli	14	16.650.000	7.800.000
Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda	15	82.070.000	68.945.000
Landshlutaverkefni í skógrækt	20	0	15.000.000
Fyrnd framlög	16	(22.470.767)	(5.522.125)
		<u>152.349.233</u>	<u>164.735.875</u>
Veitt framlög			
Fengin framlög umfram veitt		(4.049.233)	(5.835.875)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur		17.696.562	34.090.477
		<u>17.696.562</u>	<u>34.090.477</u>
Rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	17	16.390.157	15.633.075
Annar rekstrarkostnaður	18	4.996.761	4.674.549
Breyting á afskriftareikningi útlána	7	(6.000.000)	0
Hagnaður af sölu hlutabréfa	19	(8.000.000)	0
		<u>7.386.918</u>	<u>20.307.624</u>
Tekjuafgangur ársins		<u>6.260.411</u>	<u>7.946.978</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir	Skýr.	2010	2009
Sjóður og innstæður			
Innstæður í lánastofnunum		<u>272.069.082</u>	<u>286.379.723</u>
Útlán			
Útlán	6	17.356.970	16.621.835
Afskriftasjóður útlána	7	(6.000.000)	(12.000.000)
		<u>11.356.970</u>	<u>4.621.835</u>
Aðrar eignir			
Hlutabréf	19	0	10.000.000
Skammtímakröfur		53.916	0
		53.916	10.000.000
Eignir alls		<u>283.479.968</u>	<u>301.001.558</u>
 Skuldir og eigið fé			
Aðrar skuldir:			
Óhafin framlög	9	154.623.016	147.474.921
Umsýslufé	10	3.120	31.045.134
Ýmsar skammtímaskuldir		954.249	842.331
		<u>155.580.385</u>	<u>179.362.386</u>
Eigið fé:			
Eigið fé	8	127.899.583	121.639.172
		<u>127.899.583</u>	<u>121.639.172</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>283.479.968</u>	<u>301.001.558</u>

Sjóðstreymi árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Handbært fé frá rekstri:			
Tekjuafgangur		6.260.411	7.946.978
Hagnaður af sölu hlutabréfa		(8.000.000)	0
Veltufé frá rekstri		<u>(1.739.589)</u>	<u>7.946.978</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(53.916)	0
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		(23.782.001)	21.686.078
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(23.835.917)</u>	<u>21.686.078</u>
Handbært fé frá rekstri		(25.575.506)	29.633.056
Fjárfestingarhreyfingar:			
Útlán		(6.735.135)	1.361.649
Sala hlutabréfa		18.000.000	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>11.264.865</u>	<u>1.361.649</u>
Fjármögnunarhreyfingar		0	0
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(14.310.641)	30.994.705
Handbært fé í ársbyrjun		<u>286.379.723</u>	<u>255.385.018</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>272.069.082</u>	<u>286.379.723</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Útlán

2. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum í árslok.
3. Afskriftasjóður útlána er myndaður til að mæta áhættu sem fylgir útlánastarfseminni. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður sjóður til að mæta hugsanlega töpuðum útlánnum. Afskriftasjóðurinn er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi.

Handbært fé

4. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast óbundnar bankainnstæður sjóðsins.

5. Eignarhlutir

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði í efnahagsreikningi.

Sundurliðanir úr efnahagsreikningi

6. Útlán

Útlánnum Framleiðnisjóðs er hér skipt í 2 flokka. Í fyrsta lagi er um að ræða verðtryggð útlán með vöxtum og í öðru lagi óverðtryggð útlán með vöxtum.

	Eftirstöðvar 31.12. 2010
Verðtryggð útlán með vöxtum	9.898.655
Óverðtryggð útlán með vöxtum	7.458.315
Útlán samtals	<u>17.356.970</u>

7. Afskriftareikningur

Afskriftareikningur er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi. Samkvæmt áhættumati útlána í árslok 2010 lækkar afskriftareikningur útlána um 6 m.kr.

Afskriftareikningur 01 .01 2010	12.000.000
Lækkun í árslok	<u>(6.000.000)</u>
Afskriftareikningur 31 .12 2010	<u>6.000.000</u>

Skýringar

Eigið fé

8. Yfirlit um breytingar á eigin fé

Bókfært eigið fé í ársbyrjun	121.639.172
Tekjuafgangur ársins	6.260.411
Eigið fé í árslok	<u>127.899.583</u>

9. Óhafin framlög

Óhafin framlög í árslok 2010 greinast þannig:

Framlög samþykkt á árinu 2008 og fyrr	23.015.223
Framlög samþykkt á árinu 2009	33.570.931
Framlög samþykkt á árinu 2010	98.036.862
Samtals	<u>154.623.016</u>

10. Umsýslufé

Framleiðnisjóði hefur verið falin fjármálaumsýsla vegna aðlögunarsamnings garðyrkju. Í árslok er óráðstafað kr. 3.120.

Sundurliðanir úr rekstrarreikningi

11. Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf

Framlög vegna fræðslu, endurmenntunar og ráðgjafar hækka um 10,9 m. kr. frá fyrra ári.

	2010	2009
Bændanámskeið	3.500.000	0
Styrkir til framhaldsnáms	4.200.000	1.200.000
Starfsmenntunarstyrkir	2.100.000	200.000
Atvinnu og nýsköpunarráðgjöf	0	2.300.000
Frumkvöðlafræðsla	4.200.000	2.448.000
Ráðstefnur	0	250.000
Ýmis fræðsla og ráðgjöf	4.500.000	1.200.000
	<u>18.500.000</u>	<u>7.598.000</u>

Skýringar

12. Rannsóknar- og þróunarverkefni

Framlög til rannsóknar- og þróunarverkefna lækka um 12,0 m. kr. milli ára sem er 19,9% lækkun.

	2010	2009
Erfða- og líffræðirannsóknir	3.500.000	8.500.000
Ræktunar-, jarðvegs- og gróðurannsóknir	11.450.000	9.800.000
Beitar- og fóðurannsóknir	4.500.000	0
Kornrækt og kornkynbætur	2.400.000	2.200.000
Stofnrækt kartaflna	2.500.000	4.315.000
40 ára afmælisrannsóknaverkefni	0	5.000.000
Matvælarannsóknir	8.300.000	7.500.000
Fiskirækt og hlunnindanýting	5.400.000	5.000.000
Skógrækt og landgræðsla	1.800.000	3.200.000
Garðyrkja	3.500.000	0
Nautgriparækt	0	2.800.000
Sauðfjárrækt	0	1.000.000
Svínarækt	0	0
Hrossarækt	0	3.500.000
Loðdýrarækt, önnur verkefni	2.000.000	3.850.000
Forritaþróun	0	1.000.000
Ýmis rannsóknar- og þróunarverkefni	2.750.000	2.400.000
	<u>60.065.000</u>	<u>72.453.000</u>

13. Markaðs- og vöruþróun

Framlög til markaðs- og vöruþróunar hækka um 4,4 m.kr.milli ára sem er 84,5% hækkun. Megin skýringin er framlag vegna frestunar landsmóts hestamanna vegna lungnapestar.

Upplýsinga- og kynningarmál	1.000.000	1.000.000
Vegna hrossa og hrossaafurða	6.000.000	2.000.000
Vegna sauðfjárafurða	500.000	1.000.000
Bændamarkaðir og heimasala	1.500.000	1.000.000
Ýmis markaðs- og kynningarmál	500.000	150.000
	<u>9.500.000</u>	<u>5.150.000</u>

Skýringar

14. Fyrirtæki í dreifbýli

Framlög í þennan flokk hækkar um 8,9 m.kr. milli ára sem er 113,5 % hækkun

	2010	2009
Vegna ferðaþjónustuverkefna	6.300.000	0
Vegna handverkssölu	1.500.000	0
Vegna annarra bændaverkefna	4.000.000	2.800.000
Vegna annarra fyrirtækja	4.850.000	5.000.000
	<u>16.650.000</u>	<u>7.800.000</u>

15. Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda

Framlög til nýsköpunar á bújörðum og verkefni á vegum bænda hækka um 13,1 m.kr milli ára eða um 19,0%. Hámarksframlag til einstakra verkefna er 2,6 m.kr. en þó aldrei hærra en 30% af stofnkostnaði.

Ferðaþjónusta	33.600.000	30.615.000
Hestatengd þjónusta	12.580.000	8.600.000
Smávirkanir og hitaveitur	5.800.000	0
Önnur verkefni	16.440.000	5.450.000
Iðn- og handverksaðstaða	1.100.000	2.000.000
Hlunnindaverkefni	2.600.000	4.050.000
Aðstaða vegna heimavinnslu afurða	9.950.000	15.630.000
Önnur verkefni á vegum bænda	0	2.600.000
	<u>82.070.000</u>	<u>68.945.000</u>

16. Fyrnd framlög

Hér er um að ræða bakfærslu óhafinna framlaga sem samþykkt voru á árunum 2008 og fyrr en hafa ekki verið nýtt að neinu leyti. Samkvæmt verklagsreglum sjóðsins fyrnast loforð um framlög á tveimur árum.

17. Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður hækkar um 4,8% milli ára.

Stjórnarlaun	5.423.760	5.148.360
Laun	8.128.258	8.077.926
Launatengd gjöld	2.838.139	2.406.789
	<u>16.390.157</u>	<u>15.633.075</u>

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu 10,9 millj.kr. á árinu 2010.

Skýringar

18. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður hækkar um 0,3 m.kr. milli ára sem er 6,9 hækkun.

	2010	2009
Ferða- og fundakostnaður	1.919.155	1.992.546
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.000.202	955.926
Endurskoðun og gerð ársreiknings	385.254	350.350
Lögfræðikostnaður	213.036	(187.957)
Húsnæðiskostnaður	1.469.337	1.397.694
Gjaldfærður búnaður	9.777	165.990
	<u>4.996.761</u>	<u>4.674.549</u>

19. Hlutabréf

Á árinu 2003 keypti sjóðurinn hlutabréf í ORF líftækni ehf. Kaupverð var 10 m.kr. Á árinu 2010 voru hlutabréfin seld ORF líftækni ehf. Söluverð var 18,0 m.kr.